

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Mýrar, L166366, 8 smábýli.

Deiliskipulagstillagan tekur til 8 landspildna (smábýli) sem eru á bilinu 9-40 ha að stærð innan jarðarinnar Mýrar. Á hverjum byggingarreit er heimilt að byggja einbýlishús, með eða án bílskúrs sem má ýmist vera stakstæður eða sambyggður húsinu, eitt gestahús, skemmu til landbúnaðar eða áhugabúskaps auk gróðurhúss. Aðkoma að svæðinu er um Hamarsveg. Samþykkt í sveitarstjórn 19. nóvember 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. janúar 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.